**Skólaráðsfundur**

**13. mars 2023**

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbrún Ósk fulltrúi kennara, Arne Kristinn fulltrúi kennara, Ársæll Kristinn fulltrúi almennra starfsmanna, Arthur Lúkas fulltrúi nemenda, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Karma ÁM fulltrúi nemendaráðs, Ásdís Elma fulltrúi nemendaráðs, Elín Björg fulltrúi foreldra og Elísabet Kolbrún fulltrúi foreldraráðs.

1. **mál**

Skólaþing – við viljum halda aftur skólaþing. Undirbúa vel í vor og halda í haust. Fara yfir með starfsmönnum atriði frá skólaþingi 2022 og hafa þau atriði í huga varðandi undirbúningi fyrir haustið. Halda svo skólaþing í haust. Muna að auglýsa vel, boða foreldra úr hverjum árgangi, nemendur og starfsfólk. Boða fræðsluráð og bæjarstjórn.

2. **mál**

Niðurstöður Skólapúlsins – Bylgja segir frá því hvernig Skólapúlsinn virkar. Nemendakönnun, foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

3. **mál**

Næsta skóla og ár er í undirbúningi, auglýst verður fljótlega ef þarf að auglýsa í stöður.

4. **mál**

Foreldrafélagið ætlar að stofna sér facebook síðu. Foreldrafélagið hjálpar til við að bóka skemmtiatriði fyrir árshátíð unglinga og vorhátíð. Skóli kemur til með að aðstoða foreldrafélagið að bóka fræðslu fyrir foreldra og nemendur.  Rætt var um hugmyndir af fyrirlestrum í forvarnarskini fyrir nemendur og foreldra, ýmsar hugmyndir ræddar. Formaður foreldrafélagsins og skólastjóri ætla að ganga í málið.

**5. mál**

Nemendaráð segir allt gott. Nemendafélagið hefur staðið fyrir bollukappáti, boðið upp á vöfflur fyrir konudaginn, þorrasmakk á bóndadaginn og eru núna að selja „mottur“ fyrir mottumars. Nú stendur yfir mikil vinna varðandi skólablaðið og hönnunarkeppni fyrir nýjar skólapeysur.

**6. mál**

Næsti fundur er 8. maí kl. 09:00. Lesa yfir padlet vegg frá skólaþingi 2022 fyrir þann fund.

Fleira ekki rætt, Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.